

REGLUR

um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum

I. KAFLI

Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar taka til fyrirtækja, einstaklinga, opinberra aðila og annarra sem selja vöru til neytenda á sölustað eða með húsgöngu- eða fjarsölu, þ.m.t. með rafrænum hætti.

Skylt er þeim sem reglur þessar taka til að verðmerkja og upplýsa neytendur skriflega um söluverð og einingarverð vöru til að tryggja gagnsæi í verðupplýsingum og auðvelda verðsamanburð.

Reglur þessar taka ekki til verðupplýsinga við sölu:

- a. á þjónustu,
- b. á uppboði,
- c. á vörum sem fylgja þjónustu.

Hafi Neytendastofa ekki sett sérreglur um sölu á tiltekinni vöru eiga reglur þessar við. Reglur þessar gilda einnig til fyllingar og túlkunar á sérreglum Neytendastofu sem í gildi eru hverju sinni.

2. gr.

Orðskýringar.

Merking orða í reglum þessum er sem hér segir:

Söluverð: Endanlegt verð í íslenskum krónum fyrir hverja einingu vöru eða tiltekið magn vöru að meðtöldum virðisaukaskatti og öllum öðrum opinberum gjöldum.

Einingarverð: Endanlegt verð í íslenskum krónum, að meðtöldum virðisaukaskatti og öllum öðrum sköttum eða opinberum gjöldum, fyrir eitt kílógramm, einn lítra, einn metra, einn fermetra eða einn rúmmetra vörunnar eða aðra einstaka einingu sem leyfð er lögum og reglum samkvæmt.

Neytandi: Einstaklingur sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni.

Fyrirtæki: Einstaklingur, félag, opinberir aðilar og aðrir sem selja vöru til neytenda á fastri starfsstöð eða sölustað, með húsgöngu- eða fjarsölu, eða á annan hátt í atvinnu eða fjáröflunarskyni þ.m.t. með rafrænum hætti.

Forpakkað: Vara telst forpökkuð þegar hún er sett í hvers konar umbúðir án þess að kaupandinn sé viðstaddur og þegar magn vörunnar sem í umbúðunum er hefur fyrirfram ákvarðað gildi, sem ekki er hægt að breyta án þess að opna umbúðirnar eða breyta þeim svo sjáanlegt sé, í samræmi við gilandi reglur.

Matvæli: Hvers konar matar- og drykkjarvörur sem ætlaðar eru mönnum til neyslu, þar með talið neysluvatn, áfengi og tóbak, þó ekki lyf.

Vörur seldar í lausri vigt: Vörur sem ekki eru forpakkaðar og eru mældar eða vegnar að neytenda viðstöddum.

II. KAFLI

Verðmerkingar og skylda til að veita upplýsingar um sölu- og einingarverð vöru.

3. gr.

Skylda til að upplýsa um sölu- og einingarverð.

Fyrirtæki skal skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þó heimilt að veita sömu upplýsingar nálægt vöru enda sé augljóst til hvaða vöru verðmerkingin vísar og tryggt sé að neytendur fái án vandkvæða aðgang að upplýsingum um sölu- og einingarverð sem skylt er að veita samkvæmt reglum þessum, sbr. 4. gr.

Skylda til að verðmerkja með sölu- og einingarverði gildir einnig hvar sem vörur eru til sýnis svo sem í búðargluggum, sýningarkössum, á vefsíðum eða annars staðar. Sé söluverðs getið í auglýsingum þarf einnig að tiltaka einingarverð.

Sé varan þess eðlis að ekki er hægt með góðu móti að reikna út söluverðið fyrirfram, ber fyrirtæki að veita upplýsingar um það á hvern hátt verðið er reiknað út. Þá skal, eftir því sem mögulegt er, gefa upp allan viðbótarkostnað, afhendingar- og eða póstburðargjöld, eða veita upplýsingar um að greiða þurfi slíkan viðbótarkostnað.

Fyrirtæki skal selja vöru á því verði sem verðmerkt er einnig þótt um mistök sé að ræða. Þetta á hins vegar ekki við ef kaupanda má vera ljóst að um mistök sé að ræða.

Vörur seldar í lausri vigt er aðeins skylt að merkja með einingarverði.

Sé þyngd forpakkaðrar vöru getið á kassastrimli ber að auðkenna línu vörunnar þannig að ljóst sé að vigtun fór ekki fram á vog við afgreiðslukassa eða að neytandanum viðstöddum. Fyrirtæki er heimilt en ekki skylt að geta þyngdar á kassastrimli við sölu á forpakkaðri vöru.

4. gr.

Nánar um framkvæmd verðmerkinga á vörum, hillumerkingar, verðskanna, o.fl.

Upplýsa má um sölu- og einingarverð á eftirfarandi hátt:

- a. Merkimíða á sérhverri pakkningu eða söluveiningu þ.e. á viðfestan míða eða á umbúðirnar með auðlæsum og aðgengilegum hætti.
- b. Hillumerkingu sem er auðlæs. Merkingin skal vera aðgengileg neytendum og uppfylla skilyrði um skýrleika samkvæmt reglum þessum. Óheimilt er við hillumerkingu á vörum að setja aðra vöru við merki en þá sem verðmerkið vísar til. Hillumerkingar sem uppfylla lágmarksskilyrði staðals ÍST 81:1997 teljast að formi til vera í samræmi við reglur þessar eftir því sem við getur átt.
- c. Skiltum eða verðlistum sem eru auðlæsilegir, aðgengilegir og nálægt vöru sem vísað er til, svo framarlega sem slík merking er skýrari en merking skv. b. lið og verðmerking skv. a. lið felur í sér óhagkvæmni fyrir fyrirtæki. Fyrir vörur sem seldar eru í lausri vigt og vörur sem eru forpakkaðar og merktar skv. d. lið skal tilgreina einingarverð vörunnar á skilti eða verðlista skv. lið þessum. Óheimilt er við

verðmerkingu á vörum samkvæmt þessum lið að setja aðra vöru við skilti en þá sem það eða verðlistinn vísar til.

- d. Verðskanna sem er auðlesanlegur, aðgengilegur og staðsettur nálægt vöru. Það á þó eingöngu við um matvæli sem seld eru forpökkuð og eru ekki í staðlaðri þyngd. Séu verðskannar notaðir skal þyngd vöru sem er forpökkuð koma fram á umbúðum hennar og einingarverð merkt í samræmi við c. lið þessarar greinar. Neytendastofa getur að eigin frumkvæði eða eftir ábendingu metið hvort aðgengi og fjöldi skanna samkvæmt þessari grein fullnægi hverju sinni framangreindum kröfum sem gerðar eru til verðupplýsinga til neytenda. Fjöldi skanna skal meðal annars taka mið af stærð verslunar, fjölda viðskiptavina og fjölda vöruflokka sem verðmerktir eru skv. þessum lið. Um málsmeðferð og réttarúrræði fer skv. ákvæðum III. kafla þessara reglna.

Neytendur eiga ávallt rétt á upplýsingum um söluverð áður en komið er að greiðslu á kassa.

Um verðmerkingar á útsölu eða þegar sérstök tilboð eru í gildi fer það nánar eftir reglum um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

5. gr.

Einingarverð í kílógrömmum, lítrum, o.fl.

Þegar gefið er upp einingarverð skal nota einhverja eftirtalda einingu:

- krónur pr. kílógramm (kr./kg, kr./tonn),
- krónur pr. lítra eða kúbikmetra (kr./l, kr. m³),
- krónur pr. metra eða kílómetra (kr./m, kr./km),
- krónur pr. fermetra (kr./m²),
- krónur pr. stykki eða 100 stykki (kr./stk., kr./100 stk.) eða
- krónur fyrir ráðlagðan skammt (kr./skammtur, kr./þvott, o.s.frv.)

Í vafatilvikum kveður Neytendastofa á um það hvaða eining skuli vera notuð.

6. gr.

Einingar fyrir ýmsar sérvörur.

Fyrir eftirtaldar sérvörur skal nota eftirfarandi einingar:

- a. Fyrir vörur sem seldar eru í forpakkningu með fleiri en einni einingu sem notaðar eru í stykkjatali er einingarverðið reiknað út fyrir hverja staka einingu svo sem bleiur, servíettur, plastpokar o.þ.h.
- b. Fyrir vörur sem eru á rúllu, eða því um líku, reiknast einingarverðið pr. metra. Þó er heimilt að gefa upp verð pr. rúllu þegar það á við svo sem þegar um salernispappír, eldhúsrúllu o.þ.h. er að ræða.
- c. Fyrir efni sem þekja á flöt reiknast einingarverðið út frá fermetrum. Fyrir litarefni og málningu skal verðið gefið upp pr. lítra.
- d. Fyrir vörur sem seldar eru með ráðlögðum skammti skal einingarverðið miðað við ráðlagðan skammt.
- e. Fyrir vörur sem á að þynna út með vatni skal einingarverðið reiknað út frá rúmmáli tilbúinnar vöru eða staðlaðri lausn skv. fyrirmælum eða leiðbeiningum framleiðanda.

7. gr.

Undanþágur.

Ákvæði reglna þessara um skyldu til einingarverðs gilda ekki fyrir eftirtalin matvæli:

- a. Vörur sem eru undir 5 g að nettóþyngd eða 5 ml að nettórúmmáli.
- b. Forpakkaðar vörur sem settar eru saman og hafa mismunandi einingarverð.
- c. Tilbúnar máltíðir í mismunandi hlutföllum sem forpakkaðar eru í eina sameiginlega pakkningu. Sama á við um snittur, samlokur, smárétti og sambærilegar vörur.
- d. Egg sem seld eru forpökkuð í ákveðnum stærðarflokkum.
- e. Kryddjurtir, ávextir og grænmeti sem selt er í stykkjatali, í búnti eða pottum.
- f. Brauð, kökur, konfekt, ís og bakarísvörur sem ekki eru seld í forpakkningum.
- g. Matvæli þar sem þarf að blanda saman við aðra vöru, þegar hlutfall vöru sem blanda þarf saman við er verulegt.
- h. Vörur sem setja þarf saman við önnur efni en vatn.

Eftirtaldar vörur sem ekki eru matvæli eru undanþegnar kröfu um einingarverð:

- a. Vörur sem ekki er unnt að hluta sundur eða skipta án þess að breyta eðli þeirra eða eiginleikum.
- b. Vörur sem hafa mismunandi einingarverð en eru seldar í sama pakka.
- c. Vörur sem eru seldar forpakkaðar og hafa nettóþyngd sem er minna en 5 g eða 5 ml.

Neytendastofa getur með opinberri tilkynningu birt lista yfir þær vörur sem falla undir einstaka liði þessarar greinar ef ástæða þykir til.

III. KAFLI

Eftirlit, málsmeðferð, viðurlög og gildistaka.

8. gr.

Verðmerkingareftirlit Neytendastofu.

Neytendastofa fer með eftirlit með reglum þessum, tekur við ábendingum og skipuleggur skoðanir á vettvangi í því skyni að greina frávik frá reglum þessum og beitir viðurlögum þegar það á við, sbr. 11.gr.

9. gr.

Verðmerkingareftirlit fyrirtækja sem selja vöru.

Fyrirtæki sem selur vöru bera ábyrgð á að verðmerkingar uppfylli ávallt kröfur reglna þessara og að þær séu að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga og reglna settra samkvæmt þeim.

10. gr.

Málsmeðferð.

Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnáslulaga og ákvæðum IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, eftir því sem við getur átt.

Ákvarðanir Neytendastofu um að leggja á stjórnvaldssektir eða dagsektir eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður. Málskot til áfrýjunarnefndar neytendamála frestar aðför.

11. gr.

Viðurlög.

Neytendastofa tekur ákvörðun um beitingu viðurlaga við brotum á reglum þessum í formi stjórnvaldssekta eða dagsekta þegar það á við.

Sektir geta numið allt að 10 milljónum króna, sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005.

Sektarfjárhæðir skulu að öðru leyti taka mið af alvarleika brotsins svo og hvort seljandi hafi ítrekað brotið gegn reglum þessum, lögum nr. 57/2005 og öðrum reglum settum samkvæmt þeim.

Um viðurlög, ábyrgð á greiðslu sektar o.fl. fer nánar samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005.

12. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem innleiða tilskipun 98/6/EB, eru settar með heimild í 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 46/2000, um húsgöngu- og fjarsölusamninga. Jafnframt eru felldar úr gildi reglur nr. 184/2000 um mælieiningarverð og reglur 725/2008 um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Neytendastofu, 31. maí 2011.

Tryggvi Axelsson

Þórunn A. Árnadóttir.

Greinargerð:

Reglur þessar koma í stað eldri reglna nr. 184/2000 um mælieiningarverð og reglna 725/2008 um verðmerkingar og verðupplýsingar. Um langt skeið hefur staðið fyrir dyrum hjá Neytendastofu að endurskoða reglur um mælieiningarverð. Á árinu 2011 munu framleiðendur á ýmsum kjötvörum og öðru samskonar ferskmeti hætta að forverðmerkja vörur eins og tíðkast hefur hér á landi um alllangt skeið. Af framangreindum ástæðum hafa seljendur vöru og framleiðendur óskað eftir því að gildandi reglum Neytendastofu um verðmerkingar verði nú breytt og þannig komið til móts við ríka hagsmuni framleiðenda, verslunareigenda og neytenda þannig að unnt verði hér eftir sem hingað til að pakka slíkum vörum og vigta hjá framleiðendum. Framvegis verður þó endanleg ákvörðun á verði vöru sem er forþökkuð og ábyrgð á verðmerkingu hennar alfarið hjá viðkomandi verslun eða fyrirtæki. Þetta fyrirkomulag mun leysa af hólmi þá viðskiptahætti sem hér hafa sem fyrr segir tíðkast um alllangt skeið að framleiðendur forverðmerki vörur með tillögu að endanlegu verði en söluaðilar hækki verðið eða veiti mismunandi afslátt frá hinu tilgreinda verði þegar varan er endanlega seld til neytanda. Í lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu er nú einnig að finna innlenda innleiðingu á ákvæðum tilskipunar 2005/29/EB, um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum en tilskipunin setur m.a samræmda löggjöf um ýmis konar viðskiptahætti sem eru því marki brenndir að hafa áhrif á fjárhagslega hegðun neytenda. Í tilskipuninni eru m.a. ákvæði sem varða verð og verðupplýsingar, sbr. einkum 7. gr. (4) auk annarra greina. Í þessum reglum er einnig tekið tillit til ákvæða í tilskipun 98/6/EB um neytendavernd að því er varðar upplýsingar um verð á vöru sem er boðin neytendum. Á hinum Norðurlöndunum gilda ítarleg ákvæði um verðmerkingar og tilgreiningu á söluverði til neytenda. Við endurskoðun á reglunum hefur verið litið til reglna sem gilda um þetta efni á hinum Norðurlöndunum en þar er m.a. leyft að nota verðskanna með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í þessum reglum. Almennt er það fyrirkomulag talið vera í samræmi við ákvæði tilskipunar 2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum.

Við endurgerð á reglunum hefur jafnframt verið tekin ákvörðun um að sameina reglur um verðmerkingar á vörum og einingarverð sem á að vera til hægðarauka jafnt fyrir seljendur og neytendur. Að sama skapi var tekin ákvörðun um að þessar reglur skuli einungis ná til verðmerkinga á vörum en ekki þjónustu. Samhliða reglum þessum er stefnt að því að setja sérstakar reglur um tilgreiningu á verði í þjónustuviðskiptum en að grunni til verða hafðar til hliðsjónar sömu grunnreglur og hér eru gerðar en vegna ýmis konar séraðstæðna og sérsjónarmiða þykir eðlilegra að hafa sérstakar reglur um það efni. Í vissum tilvikum er nauðsynlegt að setja sérreglur um sölu á tilteknum vörutegundum, t.d. eldsneyti, og þá gilda slíkar reglur framar þessum reglum en þær geta þó komið til fyllingar og nánari skýringar, eftir því sem við getur átt.

Um 1. gr.

Reglurnar taka skv. 1. gr. til fyrirtækja, þ.m.t.einstaklinga sem selja vöru til neytenda á sölustað eða með húsgöngu- eða fjarsölu, sbr. nánar 2. gr. þar sem það hugtak er skilgreint. Gildissvið þeirra er því mjög víðtækt og taka þær til sölu á öllum vörum óháð því hvaða sölumiðil notast er við.

Um 2. gr.

Hér er að finna skilgreiningu á nauðsynlegum hugtökum sem fjallað er um í þessum reglum. Ekki er ástæða til að fara sérstaklega yfir hvert og eitt hugtak hér en rétt er að nefna að með reglunum er gerð breyting á hugtakinu *mælieiningarverð*. Í eldri reglum sem felldar er nú úr gildi hefur verið notast við hugtakið *mælieiningarverð* en í reglum þessum er gerð breyting þar á og notast við hugtakið *einingarverð*. Breytingin er gerð í kjölfar ábendingar frá mælifræðisviði Neytendastofu þar sem fram kom að það samræmist ekki að notast við hugtakið *mælieiningarverð* enda feli hugtakið í sér afmarkaða merkingu samkvæmt SI-einingakerfinu. Eldra hugtakið feli til að mynda ekki í sér stykkjafjölda eins og gert sé ráð fyrir í reglum þessum. Með breytingunni er einungis um að ræða hugtaksbreytingu, ekki breytingu á skýringu þess. Með breytingunni er orðanotkun einnig samræmd tilskipun 98/6/EB, um neytendavernd að því er varðar upplýsingar um verð á vöru sem er boðin neytendum, sem reglur þessum er einnig ætlað að innleiða í íslenskan rétt.

Um 3. gr.

Í tilskipun nr. 2005/29/EB, um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum svo og lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu eru skýr ákvæði um skyldur fyrirtækja, einstaklinga og lögaðila sem stunda verslunarrekstur til þess að upplýsa neytendur um söluverð. Slík ákvæði er einnig að finna í tilskipun 98/6/EB. Auk þess ber samkvæmt gildandi reglum að upplýsa neytendur um einingarverð vöru enda er það grundvallar forsenda svo að neytendur geti gert raunhæfan verðsamanburð á milli samkynja vörutegunda sem seldar eru og markaðssettar undir mismunandi vörumerkjum. Á grundvelli þessara samanburðarhæfu verðupplýsinga tekur svo neytandi endanlega kaupákvörðun að teknu tillit til annarra sjónarmiða s.s. um gæði vöru og uppruna, og önnur atriði sem hann notar við upplýst val á vörum sem hann kaupir. Í 1. mgr. er framangreind meginregla staðfest.

Í eldri reglum um verðmerkingar hefur seljendum verið heimilt að merkja vörur með öðrum hætti en á vöruna sjálfa en það hefur einkum verið gert með hillumerkingum. Neytendastofa telur ekki ástæðu til að breyta þeirri framkvæmd. Stofnunin telur þó að taka þurfi af allan vafa um það að sé notast við aðrar merkingar en á vörunni sjálfri skulu þær vera nálægt vörunni og augljóst til hvaða vöru merkingin vísar. Á undanförunum árum berast á hverju ári fjöldi kvartana um að röng vara sé við hillumerkið eða hillumerki ekki á réttum stað. Slík framsetning er villandi fyrir neytendur og óheimil. Við endurútgáfu á reglunum nú er lögð til m.a. sú nýbreytni að auk þess verði heimilt að veita verðupplýsingar með verðskanna í undantekningartilvikum þegar að sérstakar ástæður eru til þess. Í 4. gr. reglnanna er að finna

nánari reglur um framangreind atriði og skýrt með hvaða hætti seljendur geta verðmerkt vörur sínar.

Í eldri reglum um verðmerkingar er kveðið á um skyldu til að verðmerkja vöru hvar sem hún er höfð til sýnis, s.s. í búðarglugga eða sýningarkassa. Með gildistöku þessara reglna telur Neytendastofa rétt að bæta við þeirri skyldu að fyrirtæki verðmerki vörur þar sem þær eru hafðar til sýnis á vefsíðum fyrirtækjanna. Hingað til hefur stofnunin ekki lagt slíka skyldu á fyrirtækin nema um vefverslun sé að ræða. Því er um nýmæli að ræða. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 57/2005 ber fyrirtækjum að tilgreina verð í auglýsingum sínum og við aðrar sambærilegar viðskiptaaðferðir, þó að teknu tilliti til þess auglýsingamiðils sem nýttur er. Í almennum auglýsingum er því ekki undantekningalaus skylda til að geta verðs á hinum auglýstu vörum enda getur t.d. stærð auglýsingarinnar komið í veg fyrir að allra upplýsinga sé getið. Neytendastofa telur vefsíðu ekki vera þannig miðil að ómöguleiki sé fyrir fyrirtæki að tilgreina verð eða aðrar þær upplýsingar sem fram koma í 10. gr. laga nr. 57/2005. Í þeim tilvikum þar sem getið er um verð í prent- eða ljósvakauglýsingum skal auglýst verð vera endanlegt auk þess sem tilgreina skal einingarverð, þar sem það á við, í samræmi við reglur þessar.

Í 4. mgr. ákvæðisins er um undantekningarreglu að ræða í þeim tilvikum sem ómögulegt er fyrir seljendur að tilgreina endanlegt verð. Þetta á helst við t.d. í pöntunarkaupum þar sem sendingarkostnaður er háður þyngd eða rúmmáli vörunnar sem keypt er og áfangastaðar sendingarinnar. Mikilvægt er þó undir slíkum kringumstæðum að gefa upp eins miklar upplýsingar sem sanngjarnt má telja að séu gefnar upp s.s. áætlaðan sendingarkostnað, o.fl.

Í þeim verðmerkingareglum sem reglum þessum er ætlað að leysa af hólmi var fyrst skjalfest ákvæði um að neytendur eigi rétt á að fá vöru á því verði sem hún er verðmerkt. Þessi regla hefur þó verið í gildi í langan tíma og byggir hún á ólögfestum meginreglum laga. Neytendastofa telur ákvæðið afar mikilvægt enda er ákvörðun neytenda um kaup alla jafna tekin út frá því verði sem varan er merkt á þar sem hún er höfð til sýnis. Reglan endurspeglar einnig þá skyldu seljanda að gæta þess að merkja vörur með réttu verði og verður seljandi því að bera ábyrgð á því, og bera hallann af, ef vara er rangt merkt. Þetta á þó ekki við ef um augljós mistök er að ræða.

Eðli málsins samkvæmt getur seljandi ekki merkt vöru sem seld er í lausri vigt með endanlegu söluverði þar sem það er háð því magni sem neytandinn kaupir. Í þeim tilvikum skal einingarverðið þó koma fram með mjög skýrum hætti hjá þeirri vöru sem einingaverðið vísar til.

Viðskiptahættir hafa tekið breytingum svo algengt er að vörur séu vigtaðar og forpakkaðar hjá framleiðanda eða með þeim hætti að varan er ekki vegin þannig að neytandinn sjái það sem vegið er og niðurstöður mælingarinnar. Mikilvægt er að það sé ljóst á hvaða löggiltu vog varan var vegin og að það komi skýrt fram í upplýsingum til neytanda. Með ákvæðinu er ekki

lögð sú skylda á fyrirtæki að tilgreina á kassastrimli á hvaða vog varan var vegin. Kjósi seljandi að láta þess ógetið á kassastrimli hvar varan er vegin skal þyngd vörunnar ekki tilgreind á strimlinum. Neytendur nálgast þá upplýsingar um þyngd vörunnar og hver vó hana á umbúðum vörunnar. Sé þyngd slíkra vara tilgreind á kassastrimli ber seljanda skv. ákvæðinu að auðkenna línu vörunnar á strimlinum þannig að fram komi að varan hafi ekki verið vegin að neytandanum viðstöddum. Þannig er öllum ljóst hver ber ábyrgð á vigtun og endanlegri mælingu vörunnar til neytandans. Þessi leiðbeiningarregla kemur jafnframt fram í verklagsreglum (Guide 2) WELMEC, sbr. lið 3.1.32. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki frekari skýringar.

Um 4. gr.

Meginreglan í neytendarétti er að neytendur eiga ávallt að hafa greiðan aðgang að verðupplýsingum um endanlegt söluverð og einingarverð á sölustaðnum og áður en þeir koma að afgreiðslukassa. Þróunin hefur verið sú að í sífellt meira mæli eru staðlaðar vörur merktar með hillumerkingum sem geta mjög vel þjónað þeim tilgangi að veita neytendum upplýsingar um söluverð þannig að þeir geti tekið upplýsta ákvörðun um val á vörum sem þeir kaupa. Eftir sem áður er grunnreglan sú að merkja skuli hverja söluvöru með verði hennar. Víkja má frá þeirri grunnreglu t.d. með hillumerki, skilti eða verðlista, en kjósi seljendur að merkja vörur sínar með þeim hætti verður merkingin að vera skýr, aðgengileg og auðlæs svo neytendur eigi auðvelt með að sjá verðið. Í staðli ÍST 81:1997 er að finna staðlað form á verðmerkingarmiða en þar er einnig fjallað um hillumerkingar og tilgreiningu einingarverðs og geta seljendur stuðst við þær upplýsingar. Noti fyrirtæki hið staðlaða form sem sýnt er í staðlinum þá telst verðmerkingin uppfylla að formi til kröfur sem gerðar eru til hillumiða. Óheimilt er að setja hillumerki við aðra vöru en þá sem hún vísar til.

Nýlega hefur Samkeppniseftirlitið gert sátt við ýmsa framleiðendur á ferskmeti, s.s. kjötvörum sem þeir forpakka í óstöðluðum stærðum fyrir fyrirtæki, um að þeir verðmerki ekki framur vörunnar með leiðbeinandi verði. Það þýðir að fyrirtæki muni framvegis sjálfar verðmerkja vörur. Það fyrirkomulag er í samræmi við reglur samkeppnisréttar og mun stuðla að aukinni samkeppni sem eflir hag neytenda. Ávinningur af þeirri samkeppni gæti tapast ef fyrirtæki þyrftu að verðmerkja hverja söluveiningu með endanlegu verði og jafnvel að setja upp aðstöðu til að vigta og pakka slíkum vörum í neytendaumbúðir. Neytendastofa telur því að unnt sé að nýta þá tækni sem felst í notkun strikamerkja og verðskanna til að koma til móts við þarfir markaðarins að þessu leyti. Af þeirri ástæðu er nú sérstaklega tekið fram að framvegis verði unnt fyrir ákveðna og afmarkaða flokka af vörum að merkja vöruna með strikamerki þar sem einungis kemur fram þyngd vörunnar s.s. á kjötafurðum sem koma forpakkaðar og vigtaðar í neytendaumbúðum til verslunarinnar. Fyrirtæki skulu í þessum tilvikum merkja einingarverð vörunnar á hillukant eða með verðlista eða skilti sem á greinilegan hátt vísar til þeirrar vöru sem um ræðir. Nálægt vörunum skulu vera verðskannar þar sem neytendur geta nálgast á aðgengilegan hátt endanlegt söluverð hversar söluvöru. Neytendastofa telur ekki unnt að ákveða í reglum þessum hversu marga verðskanna hvert fyrirtæki skuli hafa eða hver fjarlægð þeirra skuli vera frá vörunni. Fyrirtækin verða að

ákveða endanlega fjölda verðskanna með hliðsjón af fjölda viðskiptavina og vöruúrval verslunarinnar þannig að ekki myndist óþarfa biðraðir eða vandkvæði fyrir neytendur vegna notkunar á hinni nýju tækni. Neytendastofa áskilur sér ávallt rétt til að gera kröfu um að fjöldi verðskanna verði aukinn eða staðsetningu verði breytt telji hún ástæðu til t.d. vegna ábendinga og kvartana frá neytendum.

Þegar sérstök tilboð eru í gildi og á útsölu þá gilda um það efni sérreglur Neytendastofu, sbr. þó 4. mgr. 1. gr. í reglum þessum.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er gerð grein fyrir því hvernig einingarverð skuli tilgreint fyrir vöru. Í flestum tilvikum ætti að vera nokkuð skýrt hvaða einingu notast skuli við en komi upp vafatilvik tekur Neytendastofa ákvörðun um það hvaða einingu skuli notast við.

Þegar framleiðandi tilgreinir á umbúðum vörunnar hvernig skammtastærðir eru skal einingarverð gefið upp miðað við það. Þetta á t.d. við um vítamín og bætiefni þar sem gefa skal upp einingarverð miðað við hvern ráðlagðan dagskammt. Auk þess á ákvæðið til að mynda við um þvottaefni þar sem einingarverð skal gefið upp fyrir hvern þvott.

Um 6. gr.

Í þessu ákvæði er nánar skýrt hvernig tilgreina skuli einingarverð á einstökum vörum.

Í umsögnum um reglurnar komu fram athugasemdir um að hafa skyldi tæmandi talningu í ákvæðinu um það hvernig einingarverð skyldi tilgreint til þess að tryggja samræmi milli fyrirtækja. Vegna þessa vill Neytendastofa benda á að þar sem gildissvið regnanna er mjög víðtækt er ákveðinn ómöguleiki fyrir því að talið sé upp með tæmandi hætti hvernig tilgreiningu á einingarverði skuli háttáð fyrir allar vörur. Reglurnar eru þar af leiðandi settar fram með almennum hætti en komi upp ágreiningur eða vafi um það hvaða einingu skuli notast við sker Neytendastofa úr um það.

Neytendastofa telur ekki þörf á að skýra sérstaklega hvern og einn staflið ákvæðisins en rétt er að taka fram að um vörur skv. b. lið skal við ákvörðun um hvort einingarverð fyrir rúllur sé gefið upp pr. metra eða pr. rúllu taka mið af því hvor einingin nýtist neytendum betur við samanburð. Þannig nýtist neytendum t.d. betur að fá upplýsingar um verð pr. stykki fyrir salernisþappír og eldhúsrúllur en pr. metra.

Um 7. gr.

Ákvæðið er að nokkru breytt frá eldri reglum um einingarverð. Í því felst þó ekki að nú skuli merkja vörur með einingarverði sem áður var ekki gerð krafa um. Sú undantekning að ekki þurfi að tilgreina einingarverð fyrir matvæli sem seld eru á gisti-, veitinga- og kaffihúsum, sjúkrahúsum og mötuneytum á enn við en hún fellur undir undantekningu sem nú er að finna í

c. lið 1. mgr. 7. gr. Því er fyrst og fremst um að ræða breytingu á framsetningu ákvæðisins auk þess sem veittar eru fleiri undanþágur en áður hefur verið gert.

Helstu nýmæli ákvæðisins eru í d.-g liðum 1. mgr. ákvæðisins. Við endurskoðun reglnanna var að nokkru litið til reglna um einingarverð á öðrum Norðurlöndum og eru undantekningarnar í liðum d. – g. í samræmi við reglur þeirra. Í d. lið 1. mgr. 7. gr. er kveðið á um að ekki þurfi að tilgreina einingarverð fyrir egg sem seld eru forpökkuð í ákveðnum stærðarflokkum. Þessi undantekning hefur verið í gildi undanfarin ár án þess þó að þess hafi verið getið í reglum. Því er í raun ekki um að ræða breytingu á þeirri framkvæmd sem verið hefur. Skv. e. lið 1. mgr. 7. gr. eru kryddjurtir, ávextir og grænmeti sem seld eru í stykkjatali, búnti eða pottum undanþegin skyldu til að tilgreina einingarverð. Það er í samræmi við dönsku einingarverðsreglurnar. Skýr krafa er gerð um að þessar vörur sé seldar stykki fyrir stykki. Þannig gildir þetta ákvæði um epli sem seld eru í stykkjatali en undanþágan á t.d ekki við um það að fjögur epli séu seld saman og slík þakning tilgreind sem eitt stykki. Hins vegar á reglan við um t.d. sölu á steinselju í pökkum. Undir þessa undanþágu fellur einnig t.d. sala á kryddjurtum í pottum og vorlaukum sem seldir eru í búntum. Í eldri reglum hefur ekki verið heimild til að selja slíkar vörur í stykkjatali en vegna fjölda fyrirspurna og ábendinga þar um er fyrirhugað að heimila það. Neytendastofa telur að í grænmetisdeildum verslana sé æskilegt að aðskilja vel svæði þar sem vörur eru seldar í stykkjatali annars vegar og hins vegar svæði þar sem eru boðnar fram vörur sem seldar eru í lausri vigt. Ástæða þess er að það getur valdið ruglingi ef verðskiltum með stykkjaverði er blandað saman við verðskilti með einingarverði. Fjöldi kvartana berast Neytendastofu árlega vegna villandi verðmerkingar í grænmetisdeildum verslana sem nauðsynlegt er að gera átak í að lagfæra og koma í fullnægjandi horf. Neytendastofa telur einnig æskilegt að fyrirtæki setji upp viðmiðunarovgir í grænmetisdeildum þannig að neytendur geti vegið vörur og áttað sig á þyngd þess sem valið hefur verið þó að endanlegt verð sé ákvarðað á löggiltri vog við kassa. Mörg fyrirtæki hafa nú slíkar viðmiðunarovgir hjá sælgæti sem selt er í lausri vigt og því ekki óeðlilegt að a.m.k. eitt sambærilegt tæki sé einnig í grænmetisdeildum. Skv. f. lið er ekki skylt að tilgreina einingarverð fyrir brauð, kökur, konfekt og bakarísvörur sem ekki eru seldar í forþakningum. Þó slíkar vörur séu alla jafna misjafnar að stærð og lögun telur stofnunin rétt að undanþiggja þær skyldunni til að tilgreina einingarverð. Hið sama á við um matvæli þar sem blanda þarf saman vörunni við aðrar vörur, þegar hlutfall vöru sem blanda þarf við hina upphaflegu vöru er verulegt.

Í 2. mgr. 7. gr. er að finna undantekningar á skyldu til að gefa upp einingarverð á vörum sem ekki eru matvæli. Undantekningarnar var ekki að finna í eldri reglum um einingarverð en þær svara að miklu leyti til þeirra undantekninga sem veittar eru við sölu á matvælum og eru að norski fyrirmynd. Með undantekningunum er fyrirtækjum í einstaka tilvikum veitt heimild til að merkja vörunar eingöngu með endanlegu söluverði en ekki einingarverði enda feli það í sér óhagkvæmni fyrir fyrirtæki að gefa upp einingarverð á þeim vörum. Auk þess telur Neytendastofa að með undantekningunum verði minni ruglingshætta auk þess sem það verði neytendum til hagsbóta að fá uppgefið verð með þessum hætti.

Með opinberri tilkynningu getur Neytendastofa birt lista yfir þær vörur sem falla undir undanþágur ákvæðisins, ef þörf er á því.

Um 8. – 12. gr.

Í þessum greinum er að finna ákvæði um málsmeðferð og úrræði Neytendastofu í tilefni að brotum á reglunum. Ákvæðin þarfnast ekki nánari skýringar.